

Alþingi
Erindi nr. P 135/1652
komudagur 4.3.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 3. mars 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um tekjuskatt, nr 90/2003, o.fl. lögum (325. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum. Samtökin vilja byrja á því að fagna því frumkvæði fjármálaráðherra að leggja fram breytingu á þessum reglum. Það er meðal annars ljóst að lögfesting frumvarpsins mundi hafa jákvæð áhrif á eigið fé sérstaklega smærri fyrirtækja, svo sem sparisjóða. Slík styrking er mikilvæg, sérstaklega nú um stundir þegar þrengir að á mörkuðum. Hún felst í því að þau fjármálafyrirtæki sem hafa fært tekjuskattsskuldbindingu í bækur sínar vegna söluhagnaðar á hlutabréfum, munu geta fært þá skuldbindingu yfir í eigið fé við samþykkt frumvarpsins og þannig hækka eigið fé sem því nemur. SFF hvetja því þingið til að lögfesta slíka reglu, en vilja þó koma á framfæri athugasemdum við tvær meginbreytingar frumvarpsins, þ.e. þær er lúta að skattalegri meðferð söluhagnaðar hlutabréfa annars vegar og hins vegar breytingar á skattastjórnsýslunni þar sem lagt er til að skattstjórinn í Reykjavík verði álagningaradili stærri lögaðila og annist skatteftirlit með þeim. Á hans hendi verði jafnframt „önnur skattaumsýsla“ lögaðila. Þar sem hér er um óskyld málefni að ræða verður í fyrra hluta umsagnar þessarar fjallað um þær breytingar sem lagðar eru til á reglum um söluhagnað og í síðari hlutanum um þær breytingar er varða framangreinda stjórnsýslu skattamála.

Söluhagnaður

SFF hafa lagt á það áherslu að íslenskar skattareglur séu samkeppnishæfar í alþjóðlegu samhengi. Í því felst ekki aðeins að þær séu efnislega hagfelldar fyrirtækjum í alþjóðlegu samhengi heldur einnig að þær séu skýrar að formi. Gildandi lög um tekjuskatt gera ráð fyrir að í aðalatriðum sé arður á milli lögaðila skattfrjáls. Söluhagnaður af hlutabréfum er hins vegar að forminu til skattskyldur en lögaðilar geta frestað skattlagningu hans með því að endurfjárfesta í hlutabréfum. Fela þessar fresturnarheimildir í sér að í reynd er hagnaður lögaðila af sölu hlutabréfa sjaldnast skattlagður.

Í október 2006 skilaði nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi undir forsæti Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, skýrslu sinni. Eitt þeirra atriða

sem nefndin tiltók var að gera mætti bragarbót á reglum um skattalega meðferð söluhagnaðar hlutabréfa í hendi lögaðila. Um þetta efni sagði nefndin:

„Sú hugmynd var rædd í nefndinni að fella niður skattskyldu á söluhagnað hlutabréfa í eigu íslenskra félaga, þannig að slíkur hagnaður yrði að fullu frádráttarbær líkt og arðstekjur. Þessar reglur tækju jafnframt til afleiðusamninga vegna hlutabréfa og verðbréfalána vegna þeirra. Þau hlutabréf sem féllu undir þennan frádrátt væru innlend hlutabréf og erlend, ef hið erlenda félag er innan EES eða lands sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við. Gert er ráð fyrir að félög gætu með óbreyttum hætti áfram valið að fresta skattlagningu vegna söluhagnaðar hlutabréfa í öðrum félögum sem ekki uppfylla skilyrði laga um fullan frádrátt á móti skattskyldum tekjum.“

SFF telja þessa tillögu efnislega mjög góða og til þess fallna að styrkja samkeppnishæfni Íslands auk þess að samræmast vel gildandi skattareglum um skattalega meðferð arðs. Því hefðu SFF kosið að stjórnvöld hefðu valið þessa leið nefndarinnar, fremur en þá sem lögð er til í frumvarpi fjármálaráðherra. Jákvæð áhrif hvað varðar styrkingu eigin fjár hefðu skilað sér engu að síður. Hafa ber í huga að almennt er æskilegt að arður og söluhagnaður séu skattlagðir með sambærilegum hætti, enda er það þróunin í alþjóðlegum skattarétti að reglur sem lúta að þessum fjármagnstekjum fyrirtækja séu efnislega sambærilegar.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að söluhagnaður verði skattfrjálss. Framsetning er ekki ólík þeirri reglu sem gildir um arð, þ.e. að söluhagnaðurinn sé skattskyldur en heimill sé frádráttur í skattskilum jafnhár söluhagnaðinum. Þessum frádrætti er þó sniðinn nokkuð þröngur stakkur í greininni (2. efnismgr. 2. gr. frumvarps), þar sem segir: *„Rekstrarkostnað sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á tekjum sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulíð er ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt framangreindu skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.“* Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Almennt verður að telja þessa takmörkun frádráttarréttarins of rúmt orðaða og bjóða upp á nokkra óvissu í framkvæmd. Fyrir það fyrsta vísar ákvæðið til rekstrarkostnaðar almennt sem gengið hafi til öflunar tekna, í þessu tilviki söluhagnaðar. Nú er það svo að söluhagnaður raungerist oft ekki fyrr en mörgum árum eftir að eign var aflað. Almenna reglan samkvæmt 31. gr. laga um tekjuskatt er sú að frádráttarbær sé sá rekstrarkostnaður sem á árinu gengur til öflunar tekna. Þannig er gert ráð fyrir samræmi á milli lotunar tekna og gjalda. Í annan stað vísar takmörkunarákvæðið til rekstrarkostnaðar almennt og sýnist því gert ráð fyrir að hlutfalla eigi rekstrarkostnað fyrirtækis með einhverjum hætti eða afmarka hann þannig til að finna út að hvaða marki hann hafi gengið til öflunar söluhagnaðarins. Þetta er óljós regla og býður upp á alls konar vandkvæði í framkvæmd. Þá er veruleg hætta á að þær kröfur sem samkvæmt stjórnarskrá eru gerðar til skattlagningarheimilda séu ekki nægilega útfærðar í lögnum. Úr slíku verður ekki bætt með stjórnvaldsreglum, sbr. tilvísun frumvarpsins um nánari reglur settar af ráðherra. Þá má segja að lagaskilareglur séu ekki heldur nægilega skýrar, sbr. það að ekki verður glögglega af frumvarpinu ráðið hvort hugsanlega geti síðar komið til skerðingar á frádrætti kostnaðar sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

SFF hefðu kosið að breytingarnar væru gerðar til samræmingar skattlagningu arðs og söluhagnaðar, enda ekki eðlisólíkar tekjur. Það er rétt að taka það sérstaklega fram að allur kostnaður vegna öflunar hlutabréfa er frádráttarbær í dag, jafnvel þó ekki komi til


skattlagningar söluhagnaðar vegna nýtingar á frestunarheimildum. Breytingarnar frumvarpsins fela því a.m.k. að nokkru marki í sér íþyngjandi breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa hjá lögaðilum. Þannig að ef markmiðið var öðrum þræði að stuðla að því að gera íslenska skattalögsögu hagkvæma fyrir eignarhaldsfélög þá sé óvíst er að það markmið náist með frumvarpinu. Það er miður, því engum vafa er undirorpið að ef skattareglur hér á landi væru hagstæðar fyrir slík félög myndi það geta lagt grundvöll fyrir alþjóðlega miðstöð slíkra félaga hér á landi, ekki ósvipað því sem sjá má í Hollandi og víðar. SFF hefðu því fremur viljað að horft yrði til tillögu nefndar þeirrar sem fjallaði um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi. Í þeirri tillögu var jafnframt lagt til að skattlagning afleiðusamninga, þar sem undirliggjandi eignir eru hlutabréf, lyti sömu skattlagningarreglum. Það skal þó tekið fram að eins og fyrr greinir telur SFF það almennt til bóta að hverfa frá endurfjárfestingarleiðinni, en hefði kosið að undanþága skattlagningar söluhagnaðar hefði verið með sömu eða sambærilegum skilyrðum og undanþága frá skattlagningu arðs í hendi lögaðila. Til skamms tíma mun frumvarpið verði það að lögum hafa þá þýðingu að tekjufærðar verða skattakuldbindingar vegna áfallins söluhagnaðar af hlutabréfum með þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur á eiginfjárstöðu fyrirtækja.

Skattastjórnsýsla

Hin breytingin sem lögð er til felur í sér að skattstjórinn í Reykjavík skuli fara með álagningu, eftirlit og aðra skattaumsýslu stærri lögaðila. Hvað þetta varðar má segja að breytingin hafi óverulega þýðingu fyrir aðildarfyrirtæki SFF sem þó falla væntanlega flest undir þennan hóp lögaðila. Það má segja að ef gera ætti stórfyrirtækjaskattstofu þá ætti að veita slíkum aðila heimild til að gefa út ákvarðandi bréf og bindandi álit og að skattyfirvöldum yrðu settir knappir tímafrestir við afgreiðslu mála. Slíkt mundi tvímælalaust auka samkeppnishæfni íslensks viðskiptalífs.

SFF undirstrika það sem fram kom í upphafi, að breyting á reglum um skattlagningu söluhagnaðar er til þess fallin að styrkja eigið fé fjármálafyrirtækja, sérstaklega þeirra smærri. Það er mjög mikilvægt við núverandi aðstæður.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri